

Betri Reykjavík
Hugmynd af samráðsvef
03. september 2015

Heiti erindis: **Veljum mannlíf í stað hraðbrautar- Miklubraut í göng**
Hugmyndina er að finna: <https://www.betriereykjavik.is/ideas/546-veljum-mannlif-i-stad-hradbrautar-miklubraut-i-gong>
Málaflokkur: Samgöngur
Viðtakandi erindis: Umhverfis- og skipulagsráð
Efst í málaflokknum: Nei
Meðal fimm efstu : Já

Fjöldi með hugmynd: 44	Fjöldi á móti hugmynd: 7
------------------------	--------------------------

Lýsing: Veljum mannlíf í stað hraðbrautar - Miklubraut í göng

Frá Skeiðarvogi og vestur að JL-húsi eru 5,8 km. Þarna eiga að mínu mati að koma Reykjavíkurgöng. Við fáum þéttingu byggðar því við skipuleggjum skemmtileg íbúða- og almenningssvæði ofan á ...

<p>Rök með hugmynd:</p> <p>Losnum við bílana - Reykjavíkurgöng Frá Skeiðarvogi og vestur að JL-húsi eru 5,8 km. Þarna eiga að mínu mati að koma Reykjavíkurgöng. Við fáum þéttingu byggðar því við skipuleggjum skemmtileg íbúða- og almenningssvæði ofan á göngunum og sameinum Reykjavík sem hefur lifað sitt hvoru megin við "fljótið mikla". Með göngin á tveimur hæðum þar sem umferðin í aðra áttina er uppi og hina niðri, þá þurfum við ekki mislæg gatnamót meðfram göngunum heldur einfalda rampa inn í göngin og út því bílar komast inn og út frá báðum hliðum.</p>	<p>Rök gegn hugmynd:</p>
---	---------------------------------

Umræður notenda:

1. Hvað mengun snertir þá menga bílar mest þegar þeir eru að draga úr hraða eða auka hraða. Með því að þurfa aldrei að stoppa á ljósum alla þessa leið þá halda bílarnir jöfnum hraða og því dregur þetta verulega úr mengun. Sem dæmi fá börnin á leikskólanum í Bólstaðahlíðinni oft ekki að fara út vegna mengunar á horni Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar.
2. Ha!
Og hver á að borga?

3. Héðinsfjarðargöng eru 11 km og Hvalfjarðargöng 5.9 km og því ættu Reykjavíkurgöng að greiðast með svipuðum hætti. Ef við viljum fara í einkaframkvæmd eins og með Hvalfjarðargöngin þá mætti setja á 50 kr. veggjald. Umferð um Miklubrautina er um 40 þús. bílar á dag. Miðað við það væru tekjur af veggjaldi 730 milljónir á ári. Það ætti að greiða þetta upp á 10-20 árum þegar búið er að taka tillit til þeirra tekna sem koma af sölu lóða ofan á göngunum.

Ef það er þess virði að flytja Reykjavíkflugvöll til Keflavíkur til að fá lóðirnar ofan á honum þar sem byggingarlandið er á kafi í mýri og flugsamgöngur ekki lengur í boði frá Reykjavík þá er þess virði að setja Miklubraut í göng, sem yrðu með stystu göngum á landinu, fyrir lóðirnar ofan á henni og til að sameina byggðina sitt hvoru megin við hana.